



Reykjavík, 8. mars 2020

## Ályktun landsþings Landssamtaka íslenskra stúdenta um stöðu fjármögnunar háskólastigsins

Þema landsþings Landssamtaka íslenskra stúdenta var velferðarmál í nærumhverfi stúdenta og voru umræðuefnin ófá, m.a. fjármögnun háskólastigsins. Það er skoðun landsþings að fjármögnun háskólastigsins er ófullnægjandi og bitnar það óhjákvæmilega einna helst á stúdentum landsins.

Á undanförunum mánuðum hafa aðgangstakmarkanir, skrásetningargjöld í háskóla og fjármögnun háskólastigsins komið fram í opinbera umræðu. Þegar kemur að skrásetningargjöldum í opinbera háskóla er staðreynd að háskólaráð Háskóla Íslands samþykkti á fundi sínum þann 6. febrúar sl., með öllum atkvæðum nema atkvæðum stúdenta í ráðinu, að rektor HÍ gangi til viðræðna við rektora annarra opinbera háskóla landsins og mennta- og menningarmálaráðherra um hækkun gjaldsins úr 75.000 kr í 104.000 kr. Verði þessi hækkun að veruleika er staðreynd að aðgengi að háskólamenntun verði takmarkað svo um munar. Þá bitnar hækkunin augljóslega á stúdentum. Á sama fundi háskólaráðs samþykkti ráðið [ályktun](#) um að stjórnvöld þurfi að tryggja aukið fjármagn til háskóla svo meðaltali Norðurlanda verði náð. Aðgangstakmarkanir í háskólanám hefur einnig borið uppi en Stúdentafélag Háskólans á Akureyri [ályktaði](#) þann 28. febrúar sl. að fjárveitingar ríkisins standi ekki undir aðsókn í HA og bitnar það á tilvonandi stúdentum með aðgangstakmörkunum.

Fjárhagslegar hindranir að háskólamenntun og aðgangstakmarkanir virðast vera viðbrögð háskólanna við undirfjármögnun háskólastigsins á Íslandi. Landsþing lýsir verulegum áhyggjum af stöðunni og þessari þróun í málefnum háskólanna.

LÍS hvetur stjórnvöld til þess að efla háskólamenntun í landinu öllu með því að auka verulega fjármuni til háskólastigsins í nýrri fjármálaáætlun. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur skýrt fram að Ísland skuli ná meðaltali Norðurlandanna er varðar fjármögnun háskólastigsins fyrir árið 2025<sup>1</sup>. Markmiðið ætti að vera sem fyrr að fjármögnun á hvern nemanda á Íslandi sé í samræmi við fjármögnun á hvern nemanda í háskólum á Norðurlöndunum - og að því markmiði verði náð í þrepum innan næstu fimm ára fjármálaáætlunar.

Gera þarf skýrt í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar að markmið þetta verði að veruleika, en eins og staðan er núna er það ekki fyrirsjáanlegt.

<sup>1</sup> Sjá bls. 8

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar tilgreinir einnig að jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum verði meginmarkmið ríkisstjórnarinnar<sup>2</sup>. Aðgangstakmarkanir og hækkun skrásetningargjalds stuðla ekki að umræddu markmiði. Eins og staðan er núna verður það markmið ekki að veruleika án þess að aukið fjármagn komi til háskólastigsins.

---

<sup>2</sup> Sjá bls. 8

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>